

Skólaárið 2020-2021

Bekkjarnámskrá

1. bekkur



Umsjónarkennari: Ragna Magnúsdóttir og Erla
Berglind Sigurðardóttir
LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM

Efnisyfirlit

Almennt um kennsluna	3
Grunnþættir menntunar	3
Almennt um námsmat.....	4
Íslenska.....	5
Hæfniviðmið	5
Talað mál, hlustun og áhorf.....	5
Lestur og bókmenntir	5
Ritun	6
Málfræði.....	6
Námsmat	6
Námsefni	6
Samfélagsfræði/Lífsleikni	7
Hæfniviðmið:.....	7
Námsmarkmið:.....	7
Leiðir:.....	7
Náttúrufræði	7
Hæfniviðmið	7
Námsmarkmið:.....	8
Leiðir.....	9
Upplýsingatækni.....	9
Hæfniviðmið	9
Námsmarkmið:.....	9
Leiðir:.....	9
Stærðfræði	10
Hæfniviðmið	10
Námsmarkmið	10
Leiðir.....	10
Myndmennt.....	11
Hæfniviðmið	11
Námsmarkmið:.....	11
Leiðir.....	11
Textílmennt	12
Hæfniviðmið	12
Námsmarkmið:.....	12
Leiðir:.....	12
Tónmennt.....	12

Hæfniviðmið	12
Námsmarkmið:	12
Leiðir	13
Námsgögn:	13
Skólaþróttir	13
Hæfniviðmið	13
Námsmarkmið:	13
Leiðir:	14
Fylgiskjöl	14

Bekkjarnámskrá 1. bekkjar

Almennt um kennsluna

Kennarar:

Ragna og Erla Berglind – Almenn bekkjarkennsla og umsjón.

Björg Kristín Björgvinsdóttir – Textílmennt 1 kestd. á viku

Thelma María Marinósdóttir – Upplýsingamennt 1 kestd. á viku fyrir áramót

Kolbeinn Ísólfsson – Heimilisfræði 2 kestd aðara hverja viku

Sóley Margeirsdóttir – Íþróttir og/eða sund 3 kestd. á viku

Í fyrsta bekk eru 10 nemendur. Hópnum mun vera skipt niður í minni hópa eftir þörfum. Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi. Nemendur fá verkefni sem henta getu hvers og eins og vinna á fjölbreyttan hátt, með stöðvavinnu, hringekju og skapandi verkefnum. Hópaskipting mun vera endurskoðuð með reglulegu millibili og færast nemendur þá á milli hópa eftir því sem við á. Þannig er passað upp á að nemendur fái viðeigandi verkefni.

Allir nemendur skólans fara heim á sama tíma en kennslustundafjöldi yngstu og elstu nemenda er jafnaður út þannig að yngstu börnin okkar fara í svokallaðan dagskóla þangað til skólabílinn kemur. Á föstudögum fara allir nemendur heim á sama tíma.

Heimanám verður ekkert fyrst um sinn, fyrir utan heimalestur 5 sinnum í viku. Meiri áhersla er lögð á samtal milli barna og foreldra um það sem verið er verið að vinna í skólanum. Námsáætlanir eru sendar heim í upphafi hverrar annar.

Grunnþættir menntunar

Fyrir íslensku, stærðfræði og samfélags- og náttúrufræði í 1. bekk.

- **Læsi:** Í sínum víðasta skilningi er læsi eitt af höfuðmarkmiðum alls náms. Mikil áhersla er lögð á lestur og lestrarfærni með markvissri þjálfun í samvinnu við heimilin á fyrstu árum grunnskólans. Læsi og miðlun eru nátengd og um leið og nemendur læra að nálgast þekkingu á fjölbreyttan hátt, þjálfast þeir einnig í því að miðla henni í máli, ræðu og á myndrænan hátt auk þess sem stafrænir miðlar verða prófaðir.
- **Sjálfbærni:** Nemendur þjálfast í því að beita lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem þeim gefst kostur á að vinna saman að ákveðnum verkefnum. Gildi, viðhorf og tilfinningar okkar sem og annarra er nokkuð sem unnið er með á ýmsan hátt og reynt að tryggja vellíðan nemenda sem allra mest og best í því litla samfélagi sem bekkurinn þeirra er og skólinn.
Nemendur þjálfist einnig í umhverfisvitund og geri sér grein fyrir mikilvægi sínu og ábyrgð sem samfélagsþegnar.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Í kennslutímum er lagt upp með að efla samábyrgð, virkni og meðvitund allra nemenda í gegnum íslenskunám. Með þátttöku í hópavinnu læra nemendur að virða skoðanir hvers annars ásamt því að finna hjá sér kjark til að ígrunda eigin hugmyndir og láta þær í ljós. Um leið og ungir nemendur okkar eru þjálfaðir í því að fara eftir leikkerfi skólans, er jafnframt mikilvægt að þjálfast þá í að vera virkir í mótun umhverfis síns og skólans.
- **Jafnrétti:** Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda. Reynt verður að taka fyrir ýmis mál sem snúa að jafnrétti

- **Heilbrigði og velferð:** Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og lögð er rík áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- **Sköpun:** Í námi sínu þjálfast nemendur í að búa til eigin frásagnir í gegnum sögur, teikningar og ljóð. Frágangur verkefna og skil geta verið með ýmsum hætti allt eftir því hvað hverjum og einum blæs í brjóst. Mikilvægt er að gefa hverjum og einum tækifæri til þess að miðla og skapa sín verkefni. Með því að virkja nemendur í því að vinna hlutlægt og að hönnun og útfærslu verkefna beislum við um leið og eflum sköpunarkraftinn.

Almennt um námsmat

Reglubundið námsmat og einstaklingsbundin skráning á námsframvindu er mikilvægur þáttur.

Megintilgangur námsmats er að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöður til að leiðbeina þeim með námið og laga kennslu að þörfum þeirra. Námsmat fer ekki einungis fram í lok hvorrar annar heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Þær matsaðferðir sem notaðar eru endurspegla áherslur í kennslu og meta alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni. Símat, jafningjamat, kannanir, próf og sjálfsmat eru dæmi um matsaðferðir. Við annaskil er tekið saman það sem metið hefur verið yfir önnina og það nýtt til að gefa foreldrum innsýn í stöðu og vinnu nemandans. Í niðurstöðu námsmats kemur fram að hvaða markmiðum unnið hefur verið og hvernig hefur tekist að ná þeim markmiðum. Niðurstöður námsmats birtast í formi umsagnar og einkunna.

Samkvæmt Aðalnámskrá skal meta alla þætti náms barnanna, þ.e.a.s hversu vel þau hafa tileinkað sér ákveðna þekkingu, leikni og hæfni. Það er því mikilvægt að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli þá kennsluhætti sem eru notaðir. Sé t.d. verið að þjálfar nemendur í samvinnu er mikilvægt að meta þá hæfni á einhvernt hátt.

Meðfylgjandi mynd sýnir skilgreiningu á þessum þáttum (Aðalnámskrá grunnsóla bls. 39).

Skilgreining á hugtökunum þekking, leikni og hæfni

ÞEKKING

er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

- Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir.
- Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman.
- Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningaformum svo sem munnlega, skriflega eða verklega.

LEIKNI

er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

- Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi.
- Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla.
- Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

HÆFNI

felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

- Hæfni gerir kröfur um ábyrgðartilfinningu, virðingu, viðsýni, sköpunarmátt, siðferðisvitund og skilning einstaklingsins á eigin getu. Einnig skiptir sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum máli.
- Hæfni felur í sér greiningu nemandans á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýninni hugsun og faglegri ígrundun.
- Hæfni er miðlað með margvislegum tjáningarformum þar sem vitsmunalegri, listrænni og verklegri þekkingu og leikni er fléttað saman við siðferðilegt og samfélagslegt viðhorf einstaklingsins. Hæfni gerir kröfu um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.

Námsmat

skal vera leiðbeinandi þannig að nemandi geti nýtt sér það í næstu skrefum eftir menntaveginum en einnig

upplýsandi þannig að aðstandendur séu vel meðvitaðir um stöðu barnsins út frá bekkjarnámskrá eða einstaklingsáherslum hvers og eins.

Óháð námsgreinum verður alltaf litið til vinnusemi, áhuga, frumkvæði, samvinnu og sjálfstæði við námsmat.

Talað mál, hlustun og áhorf.

Markmiðið er að nemandi:

- taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum að tjá sig á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi
- þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
- fylgi fyrirmælum, sýni kurteisi og æfi góð samskipti.

Leiðir:

Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá. Allir taka þátt í uppsetningu atriða á árhátíðar á miðönn. Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilji tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. Nemendur æfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum og sýni flytjendum tillitsemi, hvort sem um samnemendur eða kennara er að ræða.

Íslenska

Kennari: Erla Berglind Sigurðardóttir og Ragna Magnúsdóttir

Kennslustundafjöldi er 9 kennslustundir á viku. Tímar í íslensku geta orðið mun fleiri þar sem íslenskan er samþætt inn í allar námsgreinar.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum. Sá fyrsti er talað mál, hlustun og áhorf mynda, þá lestur og bókmenntir, síðan ritun og að síðustu málfræði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heilstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styður við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er m.a. átt við innlagnir, umræður, þemavinu, hópastarf, einstaklingsstarf og f.l.

Lestur og bókmenntir

Markmiðið er að nemandi:

- þekki alla stafi og hljóð
- beiti aðferðum við umskráningu hljóða
- efli hljóðvitund sína
- efli orðaforða og orðaskilning
- fái tækifæri til að lesa fjölbreytt efni sem hæfir lestrargetu og áhuga, t.d. sögur, ljóð. Ævintýri og fl.
- Lesið nokkuð skýrt og lipurt, þannig að samræmist lestrarstefnu árganganna (tengill)
- Viðmið er að nemandi í 1. bekk lesi að lágmarki 20 orð á mín. að vori

Leiðir:

Við lestrarkennslu er stuðst við hljóðaaðferðina. Nánar má lesa um hana á lesvefurinn.hi.is. Einn til tveir bókstafir eru lagðir inn á viku. Nemendur vinna með tengingu bókstafa, orð og setningar. Fljótlega fá allir lestarbækur í samræmi við getu og þá byrja nemendur að lesa heima daglega. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig a.m.k. 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.

Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls. 3x

Nemendur fá Skjatta- skóladagbók í byrjun skólaárs og er heimalestur og lestur í skóla skráð í dagbókina. Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur hafa greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þau geta skoðað og lesið. Einnig eiga þeir fastan tíma á bókasafninu og geta valið sér bók til að lesa heima eða í skólanum.

Ritun

Markmiðið er að nemandi:

- þekki skriftaráttina
- læri að draga rétt til stafs
- þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd
- þjálfist í að hafa bil á milli orð
- skrifi orð eða setningu
- skrifi stóran staf í upphafi nafna
- fái fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.

Leiðir:

Mikilvægt er að kenna og þjálfar lestur og ritun samhliða og byggja upp stigvaxandi hæfni alla skólagönguna.

Í 1. bekk er aðaláherslan lögð á að draga rétt til stafs. Kennd er ítölsk skrift með tengikrókum. Nemendur skrifa eftir forskrift og fá þjálfun í sóknarskrift. Nemendur eru hvattir til að skrifa orð/texta og efla þannig hljóðvitund og tengsl stafa og hljóða.

Málfræði

Markmiðið er að nemandi:

- þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð
- þekki stafrófið
- skrifi stóran staf í upphafi nafna

Leiðir:

Málfræðin er samofin öðrum þáttum íslenskukennslunnar. Aðaláherslan er að styrkja orðaforða nemanda og máltilfinningu þeirra.

Námsmat:

Í lok annar verður bæði gefin prófseinkunn og kennaraeinkunn. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarprófum. Í annarlök verða lögð fyrir próf. Kennaraeinkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum, ásamt lykilhæfni.

Lykilhæfni skiptist í:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi hugsun og frumkvæði
- Sjálfstæði og samvinna
- Ábyrgð og mat á eigin námi
- Nýting upplýsinga og miðla.

Námsefni:

Lestrarlandið – lesbók og vinnubók. Ritrún 1. léttlestrarbækur og vinnubækur. Lubbi finnur málbein. Bækur af bókasafni. Gagnvirk efni. Skrift 1, valin ljósrituð verkefni frá kennara.

(Áætlun vorannar má sjá í fylgiskjöllum)

Samfélagsfræði/Lífsleikni

Kennari: Ragna Magnúsdóttir og Erla Berglind Sigurðardóttir

Kennslustundafjöldi er 3 kennslustundir á viku. 2 í samfélagsfræði og 1 í lífsleikni.

Hæfniviðmið:

Í aðalnámskrá hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á með nemendum út frá því sem talið er mikilvægast að tekið verði fyrir. Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt og markast skiptingin af því hvert viðfangsefni markmiðanna er. Viðfangsefnin eru reynsluheimur nemenda, hugarheimur og félagsheimur. Megnið af hæfniviðmiðunum eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári á yngsta stigi. Þar sem vinna í samfélagsgreinum snýst að miklu leyti um að vinna með viðhorf nemenda er mikilvægt að vinna oft með sama hlutinn. Lífsleikninám er stór hluti af samfélagsfræði og ART spilar stórt hlutverk í kennslu.

Námsmarkmið:

Markmiðið er að nemandi:

- geti áttað sig á að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild
- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- þekki hlutverki einstaklinga í fjölskyldu
- átti sig á hlutverki fjölskyldunnar í samfélagi manna og þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi
- geti bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra
- geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,
- taki virkan þátt í ART bekkjartímum og leggi sitt af mörkum í umræðum
- kynnist hugtökum tengdum árstíðum og gangi himintungla, s.s. sólarhringur, mánuður, ár, skammdegi

Leiðir:

Samfélagsfræðigreinar eru oft samþættar bæði náttúrufræði og íslensku. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og að nemandur fái margskonar leiðir til að miðla þekkingu sinni á skapandi hátt.

Námsmat: Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Gefin verður kennaraeinkunn í lok hverrar annar.

Námsefni:

Komdu og skoðaðu Umhverfið og annað efni frá kennara.

Náttúrufræði

Kennari: Erla Berglind

Fjöldi kennslustunda: 2 í viku hverri.

Náttúrufræði samþætt íslensku, myndmennt, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða

Við lok skólaárs geti nemandur:

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.

- Látið sig varða sitt nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Komið auga á þarfir í umhverfin sínu.
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Þekkt einföld hugtök náttúruvísinda.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.
- Gert sér grein fyrir því að maðurinn er hluti af náttúrunni og byggir á samspili við hana.

Vinnubrögð og færni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Framkvæmt einfaldar tilraunir úti sem inni.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruna.
- Skráð athuganir og atburði t.d. með myndum, teikningum eða frásögn.

Ábyrgð á umhverfinu

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Sýnt félögum jafnt sem náttúru alúð.
- Skoðað áhrif mannsins á umhverfið.
- Rætt eigin sýn og gildi við aðra, og hlustað.
- Skoðað hvernig við getum bætt umhverfi okkar, hvert og eitt okkar
- Sýnt félögum jafnt sem náttúru alúð

Námsmarkmið:

Að búa á jörðinni

Við lok skólaárs geti nemendur:

- kynnist skólaumhverfinu og nánasta umhverfi skólans
- Fylgst með og skráð veður.
- Sagt frá árstíðaskiptum og breytingum sem fylgja þeim.
- Þekki algeng veðurhugtök

Lífsskilyrði manna

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu starfssemi mannslíkamans.
- Útskýrt mikilvægi heilbrigðs lífnis.

Náttúra Íslands

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Lýst algengustu lífverum í umhverfi sínu.
- Læri að þekkja og bera virðingu fyrir náttúrunni

Heilbrigði umhverfisins

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Flokkað úrgang.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Rætt um hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks bæði auðveldara og erfiðara.

Leiðir

Náttúrufræðikennsla verður samþætt öðrum námsgreinum svo sem íslensku og samfélagsfræði, eðlilega mun stór hluti hennar fara fram í útikennslutímum.

Námsmat: Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum. Gefin verður kennaraeinkunn í lok hverrar annar.

Námsefni: Komdu og skoðaðu... bækur og ýmis verkefni frá kennara.

Upplýsingatæknimennt

Kennari: Thelma María Marínósdóttir

Fjöldi kennslustunda: 2 aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Mikilvægt er að hafa í huga að upplýsingatækni er ekki sér námsgrein heldur eiga tölvur og tækni að vera eðlilegur hluti af námi og kennslu rétt eins og blýanturinn. Það höfum við að leiðarljósi og notum tölvur og snjalltæki á fjölbreyttan hátt í öllu námi. Nemendur þurfa að tileinka sér margvíslegar leiðir til að afla sér og miðla upplýsingum. Fjölbreytni er lykilorðið, þannig komum við til móts við alla nemendur. Hugtakið læsi er í dag svo mikið meira en það hugtak sem við ólumst upp með, - að geta lesið prentlegur af blaði.

Upplýsingalæsi er t.d. angi af því hugtaki og ég leyfi mér að skilgreina þannig: Að einstaklingurinn geti fundið, staðsett, metið, miðlað, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni. Skólabókasafnið er stór þáttur í upplýsingaöflun nemenda og því höfum við fastan tíma á bókasafninu vikulega.

Námsmarkmið:

Markmiðið er að nemandi:

- geti lesið/skoðað bækur og hlusta á upplestur
- hlýði reglum bókasafnsins.
- fái lánaðar bækur og kynnist flokkunarkerfi bókasafnsins
- kunni að skrá sig inn og úr tölvum.
- geti umgengist tölvur á ábyrgan hátt.
- átti sig á þeim möguleika sem tölvur búa yfir.
- nýti sér tölvur við ritun.
- sýni grunnfærni við fingrasetningu
- átti sig á mikilvægi réttrar líkamsbeitingar við tölvu
- læri undirstöðu atriði í forritun.

Leiðir: Notkun upplýsinga og tæknimiðla er fléttuð inn í alla námsþætti.

Námsmat: Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum. Gefin verður kennaraeinkunn í lok hverrar annar.

Námsefni: Paint, Word, hlusta.is, paxel123.com, mms.is, code.org

Stærðfræði

Kennari: Ragna Magnúsdóttir og Erla Berglind Sigurðardóttir.

Fjöldi kennslustunda: 7 í viku hverri.

Í stærðfræði verður unnið að fjölbreyttum verkefnum þar sem nemendum gefst tækifæri til að rannsaka og skapa. Leitast verður við að glæða áhuga nemenda á hinum ýmsu hliðum stærðfræðinnar. Áhersla er á talna- og hugtakaskilning, umræður og umhugsun, samvinnu og samræður.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar snúa að almennum viðmiðum um stærðfræðilega hæfni. Síðari fjórir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar; Tölur og reikningur, Algebra, Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi.

Námsmarkmið

Markmiðið er að nemandi:

- nái góðum tókum á rithætti talnanna
- nái góðum tókum á tölum 0-50
- kynnist tölum upp í 100
- nái tókum á stærðfræðitengdum hugtökum
- notað einföld stærðfræðitákn
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum
- leysi verkefni þar sem bæði þarf að draga frá og leggja saman
- læri að nota hjálpargögn við úrlausnir, svo sem talnagrindur, kubba og talnalínur
- fundið mynstur í umhverfi sínu
- leysi viðfangsefni í samvinni við bekkjarfélaga og læri að útskýra niðurstöður
- læri að lesa af klukku – þ.a. heila tímann
- læri að telja krónur
- læri að lesa af stundatöflu
- læri að lesa af dagatali
- telji, flokki, skrái og lesi upplýsingar í töflu og súluriti
- greint formin: hringur, þríhyrningur, ferningur og rétthyrningur
- mælt lengd með óstöðluðum mælieiningum

Leiðir

Nemendur vinna ýmist einir eða saman og læra að taka tillit til hvers annars. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu og þeim hæfniviðmiðum sem henta honum, þó svo að námsþættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni.

Í 1. Bekk er auk þess lögð mikil áhersla á hlutbundina vinnu þar sem nemendur fá áþreifanleg verkfæri og tækifæri til að leysa verkefni og auka þar með skilning sinn á stærðfræðinni. Það er grundvallar atriði að nemendur efli talnaskilning sinn og að þeir læri að þekki aðgerðartáknin og fái mikla þjálfun í grunnatriðum. Spil og leikir verða mikið notuð í kennslunni.

Námsmat: Í lok annar verður bæði gefin prófseinkunn og kennaraeinkunn. Í annarlök verða lögð fyrir próf. Kennaraeinkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum, ásamt lykilhæfni.

Námsefni: Sproti 1 a og sproti 1b. Ýmis verkefni frá kennara. Stærðfræðileikir. Gagnvirkir efni og

námskeikir. Efni af vef, t.d. vef sem fylgir Sprotabókunum:

<http://vefir.mms.is/staerdfraeditorg/youngstastig.html> ásamt öðru veflægu efni af stærðfræðitorgi og víðar.

(Áætlun vorannar má sjá í fylgiskjöllum)

Myndmennt

Kennari: Ragna Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 1-2 í viku hverri.

Hæfniviðmið

- Læsi: Markmið með myndlistarkennslu er að gera nemendur læsa á þann táknheim sem alls staðar er í kringum okkur. Þjálfun í að beita miðlum myndlistarinnar gerir nemendur færari til að miðla eigin hugmyndum og eflir frumkvæði þeirra.
- Sjálfbærni: byggist meðal annars á því að kenna nemendum að nýta efnivið sem annars færi í ruslið og að fara vel með þau efni sem unnið er með hverju sinni.
- Lýðræði og mannréttindi: endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum verkefnum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars.
- Jafnrétti: birtist meðal annars í því að allir nemendur fá að vinna að sínum verkefnum eftir getu og þörfum þeirra mætt af skilningi og virðingu. Nemendur skulu temja sér að bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra.
- Heilbrigði og velferð: nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, sam hjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um viðfangsefni myndlistarinnar.
- Sköpun: er undirstaða allra listgreina og með markvissri þjálfun fá nemendur aukið sjálfstraust og frumkvæði til að finna sköpunargleði sinni farveg. Með því að efla skapandi hugsun eykst geta nemenda til að leysa fjölbreytt verkefni í daglegu lífi og námi.

Námsmarkmið:

Að nemandi geti

- nýtt sér einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði,
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,
- unnið út frá eigin hugmyndum við listsköpun,
- þekkt hugtök og heiti sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,
- sýnt ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Leiðir

Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum.

Stuðst verður við listakennslubækur og verkefni af veraldarvef. Efni og áhöld sem verkefnin krefjast.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlök.

Textílmennnt

Kennari: Björg Kristín Björgvinsdóttir

Nemendur í 1. bekk fá 1 x 40 mínútna kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

Í textílmennnt er unnið með efni af ólíkum toga bæði umhverfisvæn og mengandi. Mikilvægt er að nemendur þekki munin á umhverfisvænu og umhverfisspillandi efnum, læri að umgangast þau rétt og beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennnt er tækifæri til að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda. Í textílmennnt vinna nemendur í nánd við hvert annað, læra að taka tillit hvors annars, hjálpa hvort öðru og bera virðingu fyrir hvort öðru, hvert með sína sérstöðu og persónulega stíl.

Námsmarkmið:

Handverk, aðferðir og tækni. Að nemendur geti notað einfaldar aðferðir innan textílgreinarinnar, beitt viðeigandi verkfærum af öryggi og unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla. Að nemendur geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu og skreytt verk sín á einfaldan hátt.

Menning og umhverfi. Að nemendur geti sagt frá íslensku hræfni og unnið með það á einfaldan hátt. Geti notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Leiðir:

Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara. Kenndar eru grunnaðferðir og tækni innan textílmennntarinnar. Vinna nemenda er oftast einstaklingsleg en stundum verður ein heildarútkoma í lok verkefna.

Námsgögn: Verkefni úr verkefnasafni kennara og verkefni af veraldarvefnum. Ýmis efni og áhöld sem verkefni krefjast.

Námsmat

byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlok.

Tónmennt

Kennari: Erla Berglind Sigurðardóttir

Nemendur fá 1 x 40 mínútna kennslustund aðra hverja viku

Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Námsmarkmið:

Að nemandi geti:

- þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.
- greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna
- leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri
- tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt

- greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög.
- rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.

Leiðir

Nemendur vinna ýmist allir saman eða í minni hópum. Það fer eftir eðli verkefnis hverju sinni.

Námsgögn: Syngjum saman, Söngvasafn 1 og 2, hlustunarefni af ýmsum toga, ljósrituð textablöð og verkefni.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati, frumkvæði, framförum og ástundun nemenda. Einkunn í annarlok.

Heimilisfræði

Kennari: Kolbeinn Ísólfsson

Tvær kennslustundir aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Grunnþættir menntunar

Skólaíþróttir

Kennari: Sóley Margeirsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

Grunnþættir menntunar

- Læsi: Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.
- Sjálfbærni: Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim ánægju og sem þeim þykir áhugaverður.
- Jafnrétti: Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi: Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi.
- Heilbrigði og velferð: Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífarnis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.
- Sköpun: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

Námsmarkmið:

- Boltafærni æfð s.s. kasta og grípa sem og sparka og taka á mót
- Æft undirstöðu atriði sem tengjast lipurð og samhæfingu
- Lært hina ýmsu leiki með og án bolta
- Æft undirstöðu atriði sunds s.s. bringu-, skrið- skólabak- og baksund. Einnig hoppað ofan í laug, fljóta og spyrna frá bakka.
- Farið eftir helstu öryggisreglum bæði í sundlaug og íþróttahúsi

Leiðir:

Kennsluaðferðir; hópkennsla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv. Skipulag í kennslustofunni; einstaklingsvinna, hópavinna og samvinna

Námsgögn; tæki og tól s.s. flár, núðlur, dýnur, bolta o.s.frv. og leikir

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10 . Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og hæfni.

Fylgiskjöl

Kennsluáætlun íslensku 1. bekkur

Dagsetningar vikur	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
4. - 8. janúar vika 1	Bókstafurinn Éé. Samsett orð	4. janúar – Starfsdagur
11. - 15. janúar vika 2	Bókstafirnir Hh og Tt Samsett orð	
18. - 22. janúar vika 3	Bókstafirnir Gg og Ðð	22. janúar - Bóndadagur
25. - 29. janúar vika 4	Bókstafirnir Öö og Þþ Samsett orð	Lesfimipróf
1. – 5. febrúar vika 5	Bókstafirnir Bb og Yy Rím	
8. – 12. febrúar vika 6	Bókstafirnir Þþ og Kk Rím	
15. – 19. febrúar vika 7	Rím Samsett or	15. febrúar – Bolludagur 16. febrúar – Sprengidagur 17. febrúar – Öskudagur/Starfsdagur 18. febrúar – Foreldradagur
22. – 26. febrúar vika 8	Bókstafirnir Dd og Au Sérnöfn	
1. – 5. mars vika 9	Bókstafirnir Pp og Ey Sérnöfn	
8. – 12. mars vika 10	Stafrófið og sérhljóðar/samahljóðar Ritun	Lesfimipróf B
15. – 19. mars vika 11	Stafrófið og sérhljóðar/samahljóðar Ritun	19. mars – Árshátíð skólans
22. – 26. mars vika 12	Stafrófið og sérhljóðar/samahljóðar Ritun	
29. – 2. apríl vika 13	Páskaleyfi	
5. – 9. apríl vika 14	Ritun Fleirtala/eintala	5. apríl – Annar í páskum 6. apríl - Starfsdagur
12. – 16. apríl vika 15	Ritun Fleirtala/eintala	
19. – 23. apríl vika 16	Ritun Fleirtala/eintala	22. apríl – Sumardagurinn fyrsti
26. – 30. apríl vika 17	Ritun Fleirtala/eintala	
3. – 7. maí vika 18	Ritun Fleirtala/eintala	
10. – 14. maí vika 19	Upprifjun	13. maí – Uppstigningadagur Lesfimipróf
17. – 21. maí vika 20	upprifjun og ólokin verkefni	Námsmat
24. – 28. maí vika 21	unnið að óloknum verkefnum	24. maí – Annar í hvítasunnu 27. maí – Vordagur 28. maí – Umhverfisdagur
31. – 4. júní vika 22	Tiltekt og frágangur	31. maí – Skólaslit / Starfsdagur 1. júní – Vinnudagur kennara 2. júní – Vinnudagur kennara 3. júní – Vinnudagur kennara

Kennsluáætlun Stærðfræði 1. og 2. bekkur

Dagsetningar vikur	Viðfangsefni	Athugasemdir
4. - 8. janúar vika 1	Upprifjun og stærðfræði hefti með plús og mínus Kafli 7 tíminn	4. janúar – <u>Starfsdagur</u>
11. - 15. janúar vika 2	Sproti 1b – Tölurnar 7-10 bls 2-17– auk þess klukkuerkefni Sproti 2b - Samhverfa bls 2-13 – auk þess klukkuerkefni	
18. - 22. janúar vika 3	Sproti 1b – Tölurnar 7-10 bls 2-17 Sproti 2b - Samhverfa bls 2-13	22. janúar - Bóndadagur
25. - 29. janúar vika 4	Sproti 1b – Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur – <i>búa til hefti</i> Sproti 2b - Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur	
1. – 5. febrúar vika 5	Sproti 1b – Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur – <i>búa til hefti</i> Sproti 2b - Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur	
8. – 12. febrúar vika 6	Sproti 1b – Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur – <i>búa til hefti</i> Sproti 2b - Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur	
15. – 19. febrúar vika 7	Sproti 1b – Plús og mínus Sproti 2b - Að tvöfalda og helminga – sléttar tölur og oddatölur	15. febrúar – Bolludagur 16. febrúar – Sprengidagur <u>17. febrúar –</u> <u>Öskud/Starfsd</u> <u>18. febrúar –</u> <u>Samtalsdagur</u> 19. febrúar – starfsk. 10. b.
22. – 26. febrúar vika 8	Sproti 1b – Plús og mínus Sproti 2b - Reikningur með tölum upp í 100	
1. – 5. mars vika 9	Sproti 1b – Plús og mínus Sproti 2b - Reikningur með tölum upp í 100	
8. – 12. mars vika 10	Sproti 1b – Plús og mínus Sproti 2b - Reikningur með tölum upp í 100	9. mars –11. mars Samræmt próf 9.bekkur
15. – 19. mars vika 11	Páskaleyfi	19. mars – Árshátíð skólans
22. – 26. mars vika 12	Sproti 1b – Mælingar Sproti 2b - Flatarmál	25. mars – Sameiginleg árshátíð
29. – 2. apríl vika 13	Sproti 1b – Mælingar Sproti 2b - Flatarmál	
5. – 9. apríl vika 14	Sproti 1b – Tölurnar frá 0-20 Sproti 2b - Reikningur	<u>5. apríl – Annar í</u> <u>páksum</u> <u>6. apríl -</u> <u>Starfsdagur</u>
12. – 16. apríl vika 15	Sproti 1b – Tölurnar frá 0-20 Sproti 2b - Reikningur	
19. – 23. apríl vika 16	Sproti 1b – Tölurnar frá 0-20 Sproti 2b - Reikningur	<u>22. apríl –</u> <u>Sumardagurinn</u> <u>fyrsti</u>

26. – 30. apríl vika 17	Sproti 1b – Form og myndir Sproti 2b - Marghyrningar og hringir	Samvinna við Helluskóla
3. – 7. maí vika 18	Sproti 1b – Form og myndir Sproti 2b - Marghyrningar og hringir	
10. – 14. maí vika 19	Sproti 1b – Upprifjun á efni og skoða 2.b efni Sproti 2b - Rúmfræðiform	<u>13. maí -</u> <u>Uppstigningadagur</u>
17. – 21. maí vika 20	Sproti 1b – Upprifjun á efni og skoða 2.b efni Sproti 2b - Rúmfræðiform	19.maí – Vorpróf 20. maí – Vorpróf 21. maí - Vorpróf
24. – 28. maí vika 21	Upprifjun og annarmat	24. maí – Annar í hvitásunnu 25-26.. maí – Vorpróf 27. maí – Vordagur 28. maí - Umhverfisdagur